

Tilmæli 13/2024
Tillaga A 1966/UVU
Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Sameiginlegar norrænar byggingartæknireglugerðir og -kröfur til að draga úr kostnaði og efla samkeppni

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins hefur Norðurlandaráð hinn 25. júní 2024 samþykkt eftirfarandi tilmæli samkvæmt tillögu Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að þær hefji vinnu að því að kortleggja regluverk og reglugerðir norrænu landanna og greini og minnki mun milli þeirra. Markmiðið er að skapa sem best samstarf og samþættingu milli faggreina á Norðurlöndum, sem er nokkuð sem getur aukið sveigjanleika á vinnumarkaði og skapað tækifæri til að hraða uppbyggingu húsnæðis.

Norðurlöndum, 25. júní 2024

Bryndís Haraldsdóttir,
forseti Norðurlandaráðs

Kristina Háfoss,
framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs